

Nd.

698. Frumvarp

* til laga um breyting á l. nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Á eftir „Hóls“ í 2. málsgr. 12. gr. laganna komi: Ögur, — og í stað „Nauteyrar“ í sömu málsgr. sömu gr. komi: Ólafsfjarðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

G r e i n a r g e r ð.

Í lagafrv. um skipun læknishéraða, sem má heita komið í gegnum þingið, er gert ráð fyrir, að stofnað verði nýtt læknishérað, Ólafsfjarðarhérað. Verður ekki komizt hjá að ákveða því embætti laun, og fer hezt á að bæta héraðinu inn í launalögin á viðeigandi stað. Eftir stærðinni heyrir það til 3. launaflokks. Í sama frv. er gert ráð fyrir, að Nauteyrarhérað verði stækkað verulega og heiti síðan Ögurhérað. Eftir það má héraðið teljast til 2. launaflokks, og er hér gert ráð fyrir því: